



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Hautönn 2018

ÍPGR3HA03 Handknattleikur

Kennari: Ásdís Björg Ingvarsdóttir **ÁBI**

Áfangalýsing

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í handknattleik. Í byrjun verður farið í minnihandbolta sem er undirstaða fyrir leikinn sjálfan. Lögð er áhersla á kennslu í knattækni og leikfræði fyrir byrjendur. Farið er yfir reglur og stefnt að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallar færni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar og leikæfingar. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig í að kenna hvort öðru undirstöðuatriði í handknattleik.

Undanfari: ÍPFR2PJ03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Minnihandbolta og handknattleik
- Handknattleiksreglum
- Ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna í handknattleik
- helstu þjálfunaraðferðum í handknattleik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- kenna leikfræði handknattleiks
- beita flautu og dæma handknattleik
- sýna grunnfærni í handknattleik

Hæfniviðmið

Að þessum áfangaloknum á nemandi að geta:

- kennt leikfræði handknattleiks
 - beitt flautu og dæmt handknattleik hjá börnum
 - sýnt grunnfærni í handknattleik
-

Námsmat

1. Bóklegt próf	30%.
2. Verklegt	30%.
3. Kennsla	30%.
4. Verkefni og skyndipr.	10%.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI

- Allir þriðjudagstímar verða verklegir. Til að byrja með verða föstudagstímarnir bóklegir en þegar líður á önnina verða þeir líka verklegir.
- Í bóklega hlutanum verður fyrst farið í helstu leikreglur og síðan í kennslu byrjenda þ.e. hvernig tækniatriði handknattleiks eru kennd. Minnibolta (softball) verða gerð skil. Þegar því er lokið verður farið í ýmislegt sem tengist leikfræði, þ.e. hvert og hvernig á að senda boltann og staðsetningu leikmanns á vellinum. Eins og sjá má á þessu verður mestum tíma varið í grunnatriði leiksins og skilning á leikreglum.
- Verklegu tímarnir verða að mestum hluta helgaðir tæknikennslu og verður kennari fyrst með tímana. Síðan taka nemendur sjálfir við æfingakennslu.

ATHUGASEMDIR OG SKÝRINGAR

- Skyndipróf geta komið án nokkurs fyrirvara.
- Verkefnum á að skila á réttum tíma. Sé verkefni skilað of seint lækkar einkunn um 0,5 fyrir hvern dag sem líður umfram skiladag.
- Æskilegt er að nemendur eigi sjálfir flautu.

Ásdís Björg Ingvarsdóttir